

Miðvikudaginn 15. febrúar 1950.

Nr. 116/1949. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

Vilhjálm Val Sverri Sigurjónssyni

(Guttormur Erlendsson)

og

Jóni Finnbogasyni (Ragnar Ólafsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson

og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað

hrd. Jónatans Hallvarðssonar og

hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Líkamsáverki. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði Vilhjálmur gætti ekki nægilegrar varúðar, er hann ók út á hála Suðurlandsbrautina, og hefur með því brotið lagaákvæði þau, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 800 króna sekt í ríkis-sjóð, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna nr. 23/1941 þykir rétt að svipta ákærða leyfi til að stjórna bifreið 3 mánuði.

Ákærði Jón ók með of miklum hraða austur hála Suðurlandsbrautina og gætti þess ekki að hægja á sér, eftir að hann hafði séð, að ólag var á akstri bifreiðar ákærða Vilhjálms og hún var komin út á nyrðri helming vegarins. Hefur hann með þessu brotið lagagreinar þær, sem getur í héraðsdómi, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1500 króna sekt í ríkis-sjóð. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað 12 daga varðhald. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 þykir bera að svipta ákærða ökuleyfi 6 mánuði.

Ákærðu greiði hvor um sig skipuðum verjanda sínum í Hæstarétti málsvarnarlaun, er ákveðast kr. 500.00. Allan annan kostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin laun sækjanda í Hæstarétti, kr. 700.00.

Það er aðfinnsluvert, að ekki hefur verið leitt í ljós, hvernig færi var á götum Reykjavíkur og nágrennis um það leyti, er slys þetta varð, og lýsingu á slysstað er ábótavant. Rannsókn málsins fyrir dómi hefur og dregið um skör fram.

Dómsorð:

Ákærði Vilhjálmur Valur Sverrir Sigurjónsson greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Ákærði Jón Finnbogason greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Ákærði Vilhjálmur Valur Sverrir Sigurjónsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00.

Ákærði Jón Finnbogason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00. Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Einars Arnórs-sonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hrd.

Það stafaði af ógætni ákærða Vilhjálms Sigurjónssonar, að bifreið hans barst yfir á hægri vegarhelming. Tel ég brot hans því einnig varða við 6. gr. laga nr. 24/1941. Þegar ákærði Vilhjálmur varð þess var, að hann gat ekki komið bifreiðinni yfir á vinstri vegarhelming, hlaut hann að sjá, að hætta var á árekstri. Bar honum þá samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 28. gr. laga nr. 23/1941 að gefa hljóðmerki. Í stað þess deplaði hann ljósunum, en það merki kveðst ákærði Jón Finnbogason ekki

hafa skilið. Með því að láta hjá líða að gefa hljóðmerki, þótt nægjanlegt svigrúm virðist hafa verið til þess, tel ég ákærða Vilhjálm hafa brotið gegn áður nefndri 1. mgr. 28. gr. bifreiðalaganna.

Ég get fallizt á ákvæði dómsatkvæðisins um refsingu ákærða Vilhjálms Sigurjónssonar, en refsingu ákærða Jóns Finnbogasonar tel ég hæfilega ákveðna 1200.00 króna sekt, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti er ég samþykkur dómsatkvæðinu.

Dómsorð mitt verður því samhljóða að öðru leyti en því, að í stað „Ákærði Jón Finnbogason greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa,“ komi:

Ákærði Jón Finnbogason greiði 1200 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 11. des. 1948.

Ár 1948, laugardaginn 11. desember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5843—'44/1948: Réttvísinn og valdstjórnin gegn Vilhjálmi Val Sverri Sigurjónssyni og valdstjórnin gegn Jóni Finnbogasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærða Vilhjálmi Val Sverri Sigurjónssyni bifreiðarstjóra, Strandgötu 41, Hafnarfirði, fyrir brot gegn XXIII. kafla hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930, og af valdstjórnarinnar hálfu er málið höfðað gegn kærða Jóni Finnbogasyni vátryggingarmanni, Kópavogsbletti 179 í Kópavogshreppi, fyrir brot gegn nefndum bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Báðir eru þeir ákærði og kærði komnir yfir lögaldur sakamanna, ákærði er fæddur 1. marz 1918 í Reykjavík og hefur hann, svo að vitað sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

1938 10/11 Áminning fyrir ljósleysi á reiðhjóli.

1947 15/7 Sátt: 40 kr. sekt, fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1948 30/1 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1948 24/5 Áminning fyrir ofhraða á bifreið.

1948 26/6 Áminning fyrir ofhraða á bifreið.

Kærði Jón er fæddur 1. október 1907 að Búðum á Snæfellsnesi, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt eftirfarandi kærnum og refsingum:

1947 2/12 Sátt: 60 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1948 15/1 Sátt: 30 kr. sekt fyrir ólögl. bifreiðastæði.

1948 7/4 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði og ólæsilegt skrásetningamerki bifreiðar.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Um kl. 4.50 e. h. fimmtudaginn 4. desember 1947 ók ákærði Vilhjálmur bifreið sinni R 1021 niður veginn, sem liggur frá svonefndu Múlaskálahverfi hér innan við bæinn í áttina að Suðurlandsbraut, sem hann beygði síðan inn á til vesturs. Kveðst hann nærri hafa stöðvað bifreiðina, áður en hann ók inn á Suðurlandsbraut, og ekið því mjög hægt, er hann beygði inn á hana. Er það lausleg ágizkun hans, að hraði bifreiðarinnar hafi þá verið um 15 km miðað við klst, og hafi hreyfill hennar þá verið tengdur í 2. ganghraðastig. Þegar hér var komið, kveðst ákærði Vilhjálmur hafa veitt athygli bifreið nokkurri, sem ók austur Suðurlandsbrautina á móti honum, og var hún þá stödd við brúna við Lækjarhvamm, alllangt fyrir vestan umrædd vegamót. Bifreið þessi ók með ljósum, enda mun hafa verið orðið aldimmt. Sjálfur kveðst og ákærði hafa haft lágu ljósin á bifreið sinni. Þegar ákærði Vilhjálmur beygði bifreið sinni inn á Suðurlandsbrautina og hugðist síðan aka vestur eftir henni, segir hann bifreiðina ekki hafa látið að stjórn vegna þess, að ísing mikil var á brautinni, sem er þarna steinsteypt. Rann því bifreiðin yfir á hægri (nyrðri) vegarhelming brautarinnar. Kveðst ákærði Vilhjálmur nú hafa stöðvað bifreið sína, en ekið síðan af stað aftur og jafnframt reynt að sveigja bifreiðinni yfir á syðri (vinstri) vegarhelming, en ekki hafi þetta tekizt, þar eð framhjólin hafi verið mjög skökk eftir beygjuna inn á veginn og bifreiðin ekki beygt eftir stefnu þeirra vegna hálkunnar á veginum. Bar nú bifreiðina, sem kom akandi austur veginn og áður er nefnd, en síðar reyndist vera bifreiðin R. 4285, brátt að, og kveðst ákærði hafa „blikkað“ með ljósum bifreiðar sinnar til þess að vekja athygli stjórnanda bifreiðar þessarar á sér, en ekki hafi ráðstöfun þessi borið tilætlaðan árangur, því að um 10—15 metrum, að því er ákærði Vilhjálmur telur, fyrir vestan vegamót Suðurlandsbrautar og vegarins, sem liggur frá Múlaskálahverfi, hafi bifreiðin R. 4285 skolið á framenda bifreiðar ákærða Vilhjálms, sem hann segist þá um það bil hafa verið að stöðva. Við áreksturinn köstuðust báðar bifreiðarnar til á brautinni, en bifreiðin R 4285 þó meira, og var hún nokkuð þver fyrir á veginum eftir áreksturinn. Ekki kveðst ákærði Vilhjálmur geta sagt fyllilega um, hvort bifreiðin R 4285 hafi verið á mikilli ferð, þegar áreksturinn varð, en telur þó hraða hennar þá hafa verið talsverðan. Þar sem áreksturinn varð, mun vegurinn vera um 6 metra breiður, malbikaður, eins og fyrr segir, en beggja megin við hinn malbikaða veg er um 4 metra breiður malarvegur, og hefur ákærði Vilhjálmur látið þess getið, að hann telji stjórnanda bifreiðarinnar R 4285 myndi hafa getað forðað árekstri með því að beygja út á malarveginn norðan við steyptu brautina og aka þannig fram hjá bifreið sinni (ákærða Vilhjálms). Báðar bifreiðarnar, sem hlut áttu að árekstri þessum, voru

snjókeðjulausar, enda var jörð auð, þegar áreksturinn varð, en ísing á veginum, a. m. k. Suðurlandsbrautinni.

Þegar árekstur þessi varð, kveðst ákærði Vilhjálmur hafa verið orðinn vanur að aka bifreið, og ekki kveðst hann að neinu leyti hafa verið illa fyrir kallaður til að aka bifreið dag þann, sem hér ræðir um.

Báðar bifreiðarnar (R 1021 og R 4285) skemmdust mikið við áreksturinn og auk þess slasaðist kærði Jón og farþegi, sem þá var í bifreiðinni R 4285, og verður þeirra og meiðsla þeirra nánar getið síðar. Enn fremur kveðst kærði Vilhjálmur hafa hlotið taugaáfall við áreksturinn, en kvaðst fyrir löngu vera búinn að jafna sig eftir það, þegar skýrsla var tekin af honum þann 7. apríl s. l.

Kærði Jón hefur skýrt þannig frá við rannsókn málsins.

Hann kveðst, áður en umræddur árekstur varð, hafa ekið austur Suðurlandsbraut og haldið bifreið sinni á vinstri vegarhelmingi miðað við stefnu í þá átt. Gizkar hann á, að hann hafi ekið með um 20 km hraða miðað við klst., áður en áreksturinn varð. Kveðst hann hafa séð til ferða bifreiðarinnar R 1021, er hún var að aka niður á Suðurlandsbrautina af veginum, sem liggur frá Múlaskálahverfi, en haldið fyrst í stað, að bifreið þessi myndi aka niður af Suðurlandsbrautinni aftur. Ekki hafi þó þetta orðið, og man kærði Jón það síðast, að bifreið þessi kom akandi beint á móti bifreið hans á röngum (hægri) vegarhelmingi, en ók hægt, og virtist honum, sem hún væri þá að nema staðar. Kærði Jón kveðst ekki hafa þorað vegna hálkunnar á veginum að hemla nema lítið eitt. Hann segir bifreiðina (R 1021) hafa ekið með lægri ljósum, og það hafi hann einnig gert. Hann hefur látið þess getið, að hann minnst þess óljóst, að hann hafi séð bifreiðina R 1021 „depla“ með ljósum sínum, áður en áreksturinn varð, en ekki kveðst hann hafa skilið, hvað það átti að þýða.

Við áreksturinn missti kærði Jón meðvitund og fékk hana ekki aftur, fyrr en búíð var að flytja hann á Landspítalann. Hlaut hann allmikil meiðsli, sem Pétur H. Jakobsson, læknir, hefur lýst þannig í vottorði útgefnu þann 8. apríl s. l.:

„Jón Finnbogason, fæddur 1. okt. 1907, Kv. tryggingamaður, Kópavogsbraut 137, Kópavogshrepp, lenti í bilslýsi þann 4. des. 1947, var meðvitundarlaus í hálfu klukkustund, með heilahristing og öll einkenni um brot í kúpubotn: mikið blóðhlaup fram í vinstri augntóft og taugaverki. Enn fremur kramdist brjóstakassinn. Hann lá einn mánuð, framan af með mikilli vanlíðan og fram í marzmánuð höfuðverk stöðugan, og gekk því ekki heill til vinnu, fyrr en komið var fram í marzmánuð. Enn eru þreyta og verkjaflog í höfði af og til, og hann þreytist fljótt við allt, sem þarf hugsun við“.

Þegar kærði Jón var yfirheyrður þann 2. október s. l. kvaðst hann að mestu vera búinn að ná sér eftir meiðsli þessi. Þó kveðst hann þá enn finna einstöku sinnum til sviða ofan í höfðinu og finna auk þess til doða í vinstri augabrún einstöku sinnum.

Eins og fyrr er getið, var einn farþegi í bifreiðinni R 4285, þegar marg-

nefnt slys varð. Heitir hann Friðjón Jóhannsson, sjómaður, skála nr. 39 B í Laugarnesi, hér í bæ, og hefur hann sem vitni skýrt þannig frá við rannsókn málsins:

Það telur, að bifreiðinni R 4285 hafi verið ekið með um 20—25 km. hraða miðað við klst., um það leyti sem slysið varð, og hafi henni þá verið haldið á vinstri vegarhelmingi. Ekki kveðst vitnið muna, hvort bifreið þessi hafi hægt á ferðinni, áður en áreksturinn varð, og ekki segist það geta sagt um hraða bifreiðarinnar R 1021, um það leyti, sem slysið vildi til, enda hafi það ekki veitt þessari bifreið athygli, fyrr en rétt um leið og áreksturinn varð. Þó minnst það þess, að bifreið þessari var ekið sitt á hvað á veginum, rétt áður en áreksturinn varð, og kveðst það hafa getið um þetta við kærða Jón. Eftir þetta man vitnið ekki hvað gerðist um stund, því að það missti meðvitund við áreksturinn og hlaut allmikil meiðsli, sem þeir lækarnir Karl S. Jónasson og Eyþór Gunnarsson hafa lýst þannig í vottorðum, útgefnum þann 26. júlí og 23. júlí s. l.:

„Friðjón Jóhannsson, f. 11/6 1910, Laugarneskamp 39 B, varð fyrir bifreið 4/12 1947, og sá ég hann daginn eftir. Hafði hann þá einkenni um heilahristing og sár á hægri augabrún ásamt glóðarauga þeim megin. Ég ráðlagði honum rúmlegu, og lá hann heima þar til 27/12 1947, að hann var lagður inn í Landakotsspítala vegna þess, að hann þjáðist af ákøfum höfuðverk og svima. Í Landakotsspítala lá hann þar til 1/7 1948, lengi vel illa haldinn af höfuðverk og svima. Endurteknar RÖ-myndir af höfði gáfu ekki greinileg einkenni um beinbrot, en þó voru nokkrar líkur til, að eitt höfuðbeinið hefði sprungið við áverkann.

Sjúklingurinn var útskrifaður 1/7 1948, einkennaminni, en þó ekki heilbrigður að fullu“.

„Friðjón Jóhannsson varð fyrir bílslysi 4. des. 1947. Síðan suða fyrir vinstra eyra. Heyrn litið eitt minni á því eyra. Suðan og heyrnartapið vafalaust afleiðing slyssins“.

Þegar vitnið Friðjón var yfirheyrt þann 7. september s. l., kvaðst það ekki enn vera nærri búíð að ná sér eftir þessi meiðsli. Kvaðst það þá enn vera undir læknishendi og hafa þrautir í höfði nærri að staðaldri vegna áverka þeirra, sem það hlaut í slysinu, að því er það taldi.

Eftir að margnefnt slys varð, fóru lögreglumennirnir Friðrik Jónsson og Jón Jóhannsson á slysstaðinn. Voru þar þá báðar bifreiðarnar, sem hlut áttu að árekstrinum, svo og ákærði Vilhjálmur, en þeir kærði Jón og Friðjón Jóhannsson, sem báðir höfðu hlotið meiðsli við áreksturinn, eins og fyrr segir, voru hins vegar báðir farnir af staðnum, höfðu þeir verið fluttir á Landspítalann. Báðir telja þeir lögreglumennirnir hafa verið hálfu á veginum, þegar slysið varð. Segir Friðrik þá hafa verið snjócoma öðru hvoru, en Jón minnir, að vegurinn hafi verið auður og snjólaus.

Samkvæmt atvikaýsingunni hér að framan telst ljóst, að báðir ákærði og kærði hafa átt sök á því, að til árekstrarins, sem hér ræðir um, kom.

Verðar að telja sannað, að ákærði Vilhjálmur hafi ekið með talsverðum hraða út á Suðurlandsbrautina, úr því að hann missti stjórn á bifreið

sinni, þegar út á brautina kom, þótt hál væri. Bar honum að gæta sérstakrar varúðar, er hann ók út á nefnda braut, bæði vegna þess, að um aðalbraut er að ræða, svo og vegna þess, að hann átti að minnsta kosti að vita, að hún var mjög hál af ísingu. Enn fremur telst það athugunarleysi af hálfu ákærða Vilhjálms að rétta ekki hjól bifreiðar sinnar, eftir að hún hætti að láta að stjórn, en með því móti virðist hann myndi hafa getað ekið henni út á malarveginn norðan við steinsteypta veginn og komið henni þannig út af umferðarbrautinni.

Það telst hins vegar hafa verið aðgæzluskortur af hálfu kærða Jóns að stöðva ekki bifreið sína, er hann sá bifreið koma akandi á móti sér á röngum vegarhelmingi. Einnig hefði honum verið innan handar að aka öðru hvoru megin fram hjá bifreiðinni R 1021 og afstýra þannig árekstri, en ekki er annað vitað, en að vegurinn hafi verið auður og óhindraður beggja megin við bifreið þessa, um það leyti, sem slysið varð.

Með aðgæzluskorti sínum teljast þeir ákærði og kærði því hafa brotið 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941 og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930. Einnig telst ákærði Vilhjálmur hafa brotið 219. sbr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940 með því að valda verulegum meiðslum á mönnum með akstri sínum, sem ekki telst hafa verið nægilega gætilegur.

Þykir refsing þeirra samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, hvað ákærða Vilhjálms snertir, og með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna, hvors um sig hæfilega ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni þeir hvor um sig sekt sína með varðhaldi í 12 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ákærða og kærða ber að dæma in solidum til að greiða allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Vilhjálmur Valur Sverrir Sigurjónsson, og kærði, Jón Finnbogason, greiði hvor um sig 600 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni þeir hvor um sig sekt sína með varðhaldi í 12 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði og kærði greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.